
Hið íslenska bókmenntafélag
200 ára



Rasmus Christian Rask

Sýning í Þjóðarbókhlöðu
opnuð 12. maí 2016

Sýningin nýtur styrks úr ríkissjóði
og frá bakhjörlum Bókmenntafélagsins,
GAMMA og Landsvirkjun

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Lærdómslistafélagið

Fyrirrennari Hins íslenska bókmenntafélags var Hið konunglega íslenska lærdómslistafélag sem stofnað var sumarið 1779 af tólf íslenskum stúdentum í Kaupmannahöfn. Markmið þess var að styrkja vísinda- og fræðastarf Íslendinga, bæta bókmenntasmekk landsmanna og efla íslenska tungu. Í þeim tilgangi komu *Rit þess konunglega íslenska lærdómslistafélags* út á árunum 1781–1798. Þar birtist efni á sviði búvísinda, heilbrigðismála, sjávarútvegs, náttúrufræði, lögfræði og stjórnsýslu, en einnig bókmenntatextar á borð við þýðingar á verkum Popes og Klopstocks. Jón Eiríksson stjórndeildarforseti var helstur forystumaður félagsins, en að honum látnum dró mjög úr starfsemi þess. Árið 1818 tók Hið íslenska bókmenntafélag formlega við búi Lærdómslistafélagsins en þá hafði starfsemi þess legið niðri í tvo áratugi. Félagar í Lærdómslistafélaginu urðu flestir 129, meirihluti þeirra útlendingar.


Rit
þess Islenzka
Lærdóms-Lista Felags.
Fyrsta Bindini
fyrir árit MDCCLXXX.
Eſt quòdam prodire tenus, ſi non datur ultra.
Horat. Epiſt. Lib. I. Ep. I.
Prentad í Kaupmannahöfn,
á koſtnad Felagsins,
af Jóhann Rúdólph Thiele, 1781.


Landsuppfræðingarfélagið

Landsuppfræðingarfélagið var stofnað á Alþingi árið 1794 og var meginhlutverk þess bókaútgáfa. Magnús Stephensen, síðar dómsstjóri, var forgöngumaður félagsins en faðir hans, Ólafur Stefánsson stiftamtmaður, var forseti þess. Félagið réðst í umfangsmikla bókaútgáfu, bæði á trúarlegu og veraldlegu sviði. Meðal útgefinna rita þess má nefna *Kvöldvökurnar 1794* (1796) eftir Hannes Finnsson, *Eftirmæli átjándu aldar* (1806) eftir Magnús Stephensen og tímaritið *Minnisverð tíðindi*. Með útgáfu *Minnisverðra tíðinda* hófst samfelldur flutningur erlendra frétta í íslenskum miðlum. Þegar Hið íslenska bókmenntafélag hóf útgáfu á *Íslenskum sagnablöðum* árið 1816 var þráðurinn tekinn upp þar sem útgáfu *Minnisverðra tíðinda* sleppti áratug fyrr, og síðar tók *Skírnir* við flutningi erlendra frétta og annaðist hann fram að tilkomu ritsímans 1906.


Jón Eiríksson

Aðdragandi að stofnun Hins íslenska bókmenntafélags

Upphafsmaður að stofnun Hins íslenska bókmenntafélags var danski málfræðingurinn Rasmus Christian Rask. Rask hóf nám við Kaupmannahafnarháskóla árið 1807 og kynntist þar nokkrum Íslendingum. Hann hafði mikinn áhuga á íslenskri tungu og gaf út rit um íslenska málfræði árið 1811, *Vejledning til det islandske eller gamle nordiske sprog*. Á árunum 1813–1815 ferðaðist hann um Ísland með hléum og dvaldi m.a. hjá Árna Helgasyni, síðar biskupi. Töldu þeir að æskilegt væri að stofna félag sem hefði það að markmiði að efla og styðja íslenskar bókmenntir og tungu. Rask skrifaði þá þekkt bréf til Bjarna Þorsteinssonar, síðar amtmanns, þar sem hann spáði því að innan 100 ára myndi varla nokkur skilja íslensku í Reykjavík og 200 árum síðar myndi enginn skilja hana í landinu. Rask taldi því nauðsynlegt að efla íslenskt mál, bókmenntir og almenna menntun Íslendinga. Í febrúar 1815 sendi hann prófföstum boðsbréf í samráði við Geir Vídalín biskup þar sem hann hvatti til stofnunar félagsskapar í því augnamiði. Rask gekkst fyrir því ásamt Árna Helgasyni að sams konar félag yrði stofnað í Kaupmannahöfn og sendi út boðsbréf þess efnis til Íslendinga og Íslandsvina þar í borg í ársbyrjun 1816. Stofnfundur félagsins fór fram á lofti Þrenningarkirkju í Kaupmannahöfn 30. mars 1816. Á Íslandi var stofnfundur haldinn í ágúst 1816. Ákveðið var að félagið yrði í tveimur deildum, Kaupmannahafnardeild og Reykjavíkurdeild.



Boðsbréf Rask til prófasta á Íslandi (úr *Minningarriti HÍB* 1916).

„Annars þér einlægliga að segja held eg að íslendskan bráðum mun útaf deyja, reikna eg að valla mun nockur skilia hana í Reykjavík að 100 árum liðnum, enn valla nockur í landinu að öðrum 200 þar uppfrá, ef alt fer eins og hingaðtil og ecki verða rammar skorður viðreistar, jafnvel hiá bestu mönnum er annaðhvört orð á dönsku, hiá almúganum mun hún haldast við leingst.“

Úr bréfi Rasmusar Christians Rask til Bjarna Þorsteinssonar 30. ágúst 1813.




Rasmus Christian Rask

Útgáfustarf 1816–1851

Bókmenntafélagið hóf útgáfu tímaritsins *Íslensk sagnablöð* árið 1816. Það hafði að geyma yfirlit yfir helstu viðburði innanlands og utan og kom út á hverju ári fram til ársins 1826. Þá hófst útgáfa *Skírnis* sem enn kemur út. Félagið réðst einnig í útgáfu *Sturlungu* (1817–1820), en þetta var fyrsta verkefni Sveinbjarnar Egilssonar í forn-íslenskum fræðum. Árið 1821 hóf félagið útgáfu á *Íslands árbókum í sögu-formi* eftir Jón Espólín sýslumann og sagnaritara þar sem greint er frá helstu viðburðum Íslandssögunnar allt frá þrettándu öld og fram á fyrstu áratugi þeirrar nítjándu. Árbækurnar komu út í nokkrum hlutum (deildum) fram til 1855. Nutu þær mikilla vinsælda og voru ljósprentaðar í heild sinni á fimmta áratug tuttugustu aldar. Félagið gaf einnig út um þetta leiti bókmenntir í bundnu máli: *Ljóðmæli* sr. Stefáns Ólafssonar í Vallanesi (1823), *Paradísarmissi* Miltons (1828) og *Messías* eftir Klopstock (1834–1838) í þýðingu sr. Jóns Þorlákssonar á Bægisá og kvæði Bjarna Thorarensen og Jónasar Hallgrímssonar (1847). Reykjavíkurdeild félagsins hóf bókaútgáfu árið 1846 með verki Páls Vídalíns *Skýringar yfir fornyrði lögbókar* sem kom út í heftum á árunum 1846–1854. Er það talið fyrsta fræðirit sem prentað var í Reykjavík. Félagið átti jafnframt hlut að landmælingum Björns Gunnlaugssonar og útgáfu á uppdráttum hans. Þá hófst að frumkvæði Jónasar Hallgrímssonar undirbúningur að lýsingu Íslands, en í því skyni safnaði félagið saman ítarlegum lýsingum presta og sýslumanna á sýslum og sóknum landsins. *Lýsingu Íslands* varð ekki lokið samkvæmt þessari áætlun, en sýslu- og sóknalýsingarnar voru gefnar út á síðari hluta tuttugustu aldar, og áttu margir hlut að því.


Sturlúnga-Saga
eðr
Islendínga-Saga hin mikla.
Nú útgengin í prent
að tilhlutun hins íslenzka bókmentafélags,
Fyrra Bindini.
Kaupmannahöfn 1817.


Islands Arbœkur
í sögu-formi.
af
Jóni Espolin,
I. Deild
Kaupmannahöfn 1821.


Íslenzk
SAGNABLÖÐ
útgefin
að tilhlutun hins íslenzka
Bókmentafélags.
Fyrsta Bindi,
1-3 Deild.
Kaupmannahöfn,

Bruninn 1847

Í september 1847 kom upp bruni í geymsluhúsnæði félagsins við Gammelstrand í Kaupmannahöfn. Þáverandi forseti Hafnardeildar segir frá brunanum í skýrslu til stjórnar Reykjavíkurdeildar 27. september 1847:

„Það er skylda vor að skýra yður frá voða-tilburði þeim, sem varð hjer í staðnum nóttina milli hins 24. og 25. þ. m., að hús það, sem geymslulopt deildar vorrar var í, brann upp að mestu og með því svo að kalla öll eign fjelagsins hjer í bænum af óseldum bókum, sömuleiðis af bókum, sem fjelaginu hafa gefist, og sum af handritum þeim, er það hefir safnað; þó hafa frelsast nokkur handrit, þau er mestur skaði hefði verið að missa, t.a.m. sóknalýsingar allar og sýslulýsingar, veðrabækur, ferðabók Sveins Pálssonar o.fl., einnig fundarbókin og seinasta brjefabók og dagbók deildarinnar með því móti, að þetta var allt geymt á öðrum stöðum.
... Geymslulopt fjelagsins var rammbyggilegt, með járnhurð sterkri fyrir og góðri læsingu; það var í geymsluhúsi, þar sem enginn maður bjó og ekki var annað geymt en óeldfimur varningur, og þannig var að allra dómi sjeð svo vel fyrir hættu, sem varð, enda hefir fjelagið haft lopt þetta um mörg ár til leigu. En nú fyrir tveim mánuðum síðan tók maður nokkur efsta loptið til leigu, sá er býr til svo nefnt „Vat“ úr viðarull; hann ljet fólk sitt vinna við ljós á kvöldum í geymsluloptinu, án þess að láta húseiganda eða nokkurn annan vita af, og þar kviknaði eldurinn um nóttina, en brann síðan niður gegn um þrjú lopt, áður slökkt varð.“

Minningarrit HÍB 1916.

Í brunanum brunnu gögn Lærdómslistafélagsins, bréfabækur, dagbækur og fleiri gögn Bókmenntafélagsins, tvö handrit Jónasar Hallgrímssonar, handskrifuð kvæðabók í 10 bindum með hendi Jóns Stefánssonar verslunarstjóra á Djúpavogi og fleiri handrit.


Gl. Strand
Kjøbenhavn

Frá Gammelstrand um 1900.

Tvísýn kosning Jóns Sigurðssonar forseta

Kosningar í stjórn Hafnardeildar Bókmenntafélagsins fóru fram 31. maí 1851. Jón Sigurðsson var ekki viðstaddur, en Oddgeir Stephensen fékk flest atkvæði í embætti forseta (12), Jón Sigurðsson eitt og Konráð Gíslason eitt. Oddgeir skoraðist undan embættinu og var þá kosið á ný. Jón Sigurðsson og Brynjólfur Pétursson fengu þá sjö atkvæði hvor, Magnús Eiríksson tvö og Oddgeir Stephensen eitt. Þá var kosið í þriðja sinn og fékk þá Jón Sigurðsson níu atkvæði. Á fundinum voru 19 manns. Jón var forseti frá 1851 til dauðadags 1879 eða í tæp þrjátíu ár.






Oddgeir Stephensen



Konráð Gíslason

Útgáfustarf 1851–1879

Á árunum 1851–1879 var Jón Sigurðsson forseti félagsins. Undir forystu hans hóf félagið útgáfu verka á borð við *Safn til sögu Íslands* (1853–1993), *Íslenskt fornbréfasafn* (1857–1972), *Biskupasögur* (1858–1878), *Skýrslur um landshagi á Íslandi* (1855–1875) og *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* (1864–1875). Stjórnvöld tóku við útgáfu tveggja síðastnefndu verkanna árið 1875, og koma þau enn út. Jón Sigurðsson tók sjálfur saman þrjú rit sem félagið gaf út, *Litla fiskibók* (1859), *Litla varningsbók* (1861) og minningarrit Bókmenntafélagsins sem gert var í tilefni af fimmtíu ára afmæli þess árið 1866. Félagið réðst jafnframt í útgáfu fagurbókmennta á borð við *Mann og konu* eftir Jón Thoroddsen (1876) og kvæði hans (1871), einnig fræðirit á borð við *Eðlisfræði* (1852) og *Tölvísi* (1865). Klassísk verk voru ekki undanskilin útgáfu félagsins. Árið 1854 gaf það út *Odysseifs-kvæði* Hómers í þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar og tveimur árum síðar *Ilíons-kvæði* sama höfundar í þýðingu Benedikts Gröndal, sonar Sveinbjarnar. Þá kom einnig út mannkynssaga í fjórum bindum eftir Pál Melsteð (1864–1887), *Um siðbótina á Íslandi* eftir Þorkel Bjarnason (1878) og *Íslenskar rjettritunarreglur* eftir Halldór Kr. Friðriksson (1859). Árið 1873 hóf félagið að gefa út ársritið *Fréttir frá Íslandi* samhliða *Skírni*.



SKÝRSLUR
UM
LANDSHAGI Á ÍSLANDI,
GEFNAR ÚT
AF
HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI.
FYRSTA BINDI.
KAUPMANNAHÖFN.
Í PRENTSMIÐJU BERLINGA.
1856.

FORMÁLI.

TÍÐINDI
UM
STJÓRNARMÁLEFNI ÍSLANDS,
GEFIN ÚT
AF
HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI.
FYRSTA BINDI.
1864–65.
KAUPMANNAHÖFN.
1864.

FORMÁLI.

Skýrslur um landshagi á Íslandi og *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands*, fyrstu bindin með formálum eftir Jón Sigurðsson.


SAFN
TIL
SÖGU ÍSLANDS OG ÍSLENZKRA
BÓKMENTA
AÐ FORNU OG NÝJU,
GEFIÐ ÚT
AF
HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI.
FYRSTA BIND.
KAUPMANNAHÖFN.
1856.


DIPLOMATARIUM ISLANDICUM.
ÍSLENZKT FORNBRÉFASAFN,
INNI HALDI
BREF OG GJÖRNINGA, DÓMA OG MÁLDAGA,
OG ANNAR SKRÁ,
AF ÞVÍ
ÍSLAND EÐA ÍSLENZKA MENN.
GEFIÐ ÚT
AF
HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI.
FYRSTA BINDI
834–1264.
KAUPMANNAHÖFN.
1857–76.


BISKUPA SÖGUR,
GEFNAR ÚT
AF
HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI.
ANNAT BINDI.
KAUPMANNAHÖFN.
1878.


HIÐ ÍSLENZKA
BÓKMENTAFÉLAG.
STOFNAN FÉLAGSINS OG ATHAFNIR
Í
FYRSTU FIMMTÍU ÁRIN
1816–1866.
KAUPMANNAHÖFN.
PRENTAÐ HJÁ BIRGI LUND.
1867.



Útgáfustarf 1879–1911

Á þessu tímabili var útgáfa Reykjavíkurdeildar mun öflugri en áður. Árið 1880 hóf hún að gefa út *Tímarit Hins íslenska Bókmenntafélags* (1880–1904), tíu árum síðar tók hún við útgáfu *Skírnis* og 1899 útgáfu *Íslensks fornbréfasafns*. Meðal annarra útgáfurita á tímabilinu eru fjölbindaverk á borð við *Sýslumannaæfir* Boga Benediktssonar í fimm bindum (1881–1932), *Landfræðissögu Íslands* eftir Þorvald Thoroddsen sem kom út í fjórum bindum (1892–1904) og *Íslenskar gátur, skemmtanir, vikivakar og þulur* eftir Jón Árnason og Ólaf Davíðsson í fjórum bindum (1887–1903). Það rit var hugsað sem eins konar framhald af þjóðsögum Jóns Árnasonar sem komu út í Þýskalandi 1862–1864. Náttúru Íslands voru gerð góð skil í útgáfubókum félagsins. Þar ber hæst rit Þorvalds Thoroddsen, *Landskjálftar á Íslandi* (1899–1905) og *Lýsing Íslands* í fjórum bindum sem kom út á árunum 1908–1922, enn fremur *Flóru Íslands* (1901) eftir Stefán Stefánsson. Í flokki sagnfræðiverka má nefna *Bókmenntasögu Íslendinga* eftir Finn Jónsson (1904–1905), *Fornaldarsöguna* eftir Hallgrím Melsteð (1900), *Íslendingasögu* eftir Boga Th. Melsteð í þremur bindum (1903–1930) og *Ævisögu Jóns Ólafssonar Indíafara* (1908–1909).



Þorvaldur Thoroddsen

Þorvaldur Thoroddsen var einhver þekktasti vísindamaður Íslendinga á sinni tíð. Hann fór fjölmargar rannsóknarferðir um Ísland á árunum 1882–1898 og safnaði miklum upplýsingum um náttúru landsins, einkum jarð- og landfræði. Árin 1905–1911 var Þorvaldur forseti Hafnardeildar Bókmenntafélagsins. Helstu verk hans, *Landfræðissaga Íslands* (1892–1904) og *Lýsing Íslands* (1908–1922), voru bæði gefin út af félaginu.

Útgáfustarf 1911–1969

Árið 1911 voru deildir Bókmenntafélagsins sameinaðar með aðsetri í Reykjavík. Félagið hélt áfram útgáfu *Íslensks fornbréfasafns* og *Safns til sögu Íslands* ásamt útgáfu *Skírnis*. Jafnframt var ráðist í útgáfu tveggja viðamikilla ritverka, *Annála 1400–1800* (1922–2002) og *Íslenskra æviskráa* sem Páll Eggert Ólason tók saman (1948–1952) með viðaukabindi eftir Jón Guðnason (1976). Meðal annarra rita sem félagið gaf nú út má nefna *Ferðabók Tómasar Sæmundssonar* í útgáfu Jakobs Benediktssonar (1947), ævisögu Baldvins Einarssonar eftir Nönnu Ólafsdóttur (1961), *Sóttarfar og sjúkdóma á Íslandi 1400–1800* eftir Sigurjón Jónsson (1944) og bækur Einars Ólafs Sveinssonar, *Um íslenskar þjóðsögur* (1940), *Á Njálsbúð* (1943) og *Ritunartími Íslendingasagna* (1965).



Annálar 1400–1800

Útgáfa *Annálanna* var stórmerkt framtak, en henni lauk ekki formlega fyrr en með útkomu tveggja lykilbóka 1998 og 2002. Sama ár og fyrsta bindið kom út, 21. október 1922, birtist grein í *Tímanum* um útgáfuna þar sem segir m. a.: „Verður útgáfa þessara merku rita að ganga greiðlega. Má það ekki koma fyrir að styrkur til Bókmentafélagsins verði svo skorinn við nögl að útgáfan tefjist. ... Landsstjórnin ætti að eiga frumkvæði að því, er hún nú ber fram fjárlögin, að hækka styrkinn til Bókmentafélagsins. ... Vill Tíminn alvarlega beina þeirri áskorun, einkum til ungra manna, að fjölmenna nú í Bókmentafélagið til þess að fylgjast með útgáfu þessara merku rita og eignast þau þegar frá byrjun.“

Landsbókasafn Íslands

Á fundi í Hafnardeild Bókmenntafélagsins 30. mars 1818 bar Carl Christian Rafn fram þá tillögu að nefnd yrði kosin til að kanna hvernig koma mætti á fót bókasafni á Íslandi. Reykjavíkurdeild félagsins var falið að kanna málið og leitaði til stiftsyfirvalda sem hófu undirbúning að stofnun Landsbókasafns eða Stiftsbókasafns eins og það hét fyrstu áratugina. Bókmenntafélagið tók á móti ýmsum bókagjöfum frá erlendum aðilum, geymdi þær, greiddi fyrir bókband og sendi til Íslands á meðan safnið var að komast á fót. Félagið gaf út skrá um bókaeign safnins á eigin kostnað árið 1828, *Registr yfir Íslands Stiftisbókasafn*.



Carl Christian Rafn

Reglugjörd fyrir bokavörd Islands Stiftisbokasafns

„Hann tekr hvörjum og einum þægiliga og med ljúfmennsku, en á ad gæta þess strengiliga, ad bókum þeim, sem burt eru lédar, sé á tilteknum tíma aptrskilad óskemdum, og gefa stjórninni strax vitund um, þegar einhvör verdr þess brotligr. ... Hann á einninn ad annast þvott og sópun, og sérhvad annad, er vidþarf til hreinlætis og reglusemis á bókahirzlunni.“

Registr yfir Íslands Stiftisbókasafn. Kaupmannahöfn 1828.

Útgáfustarf 1969–2016

Meðal helstu nýjunga í útgáfu Bókmenntafélagsins á síðari hluta tuttugustu aldar var útgáfa *Lærdómsrita* félagsins. Markmið félagsins er að í bókaflokknum birtist öndvegisrit á sviði margvíslegra fræða sem markað hafa spor í sögu mannsandans. Flest eru ritin þýdd úr erlendum málum af sérfróðum mönnum og með vönduðum inngangi. Útgáfa ritanna hófst árið 1970, og alls hafa komið út 90 rit. Félagið réðst jafnframt í útgáfu á *Sögu Íslands* í tengslum við 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974, en út hafa komið tíu bindi þessa verks og er ætlunin að ellefta og síðasta bindið komi út á árinu 2016.

Á þessu árabili var lokið útgáfu merkra safnrita á sviði sagnfræði. Síðasta bindið í *Safni til sögu Íslands og íslenskra bókmennta* kom út árið 1993 eða 140 árum eftir að útgáfan hófst 1853. Útgáfu *Annála 1400–1800* í átta bindum sem hófst 1922 lauk 2002.

Mikil fjölbreytni hefur einkennt útgáfu félagsins síðustu fimm áratugi. Það hefur ráðist í útgáfu ritverka og ritraða á sviði íslenskrar bókmennta- og menningarsögu, íslenskrar heimspeki, heilbrigðismála, sálfræði og umhverfismála, jarðfræði, guðfræði, kirkjusögu, byggingarlistar, lögfræði, hagfræði og sagnfræði svo að nokkuð sé nefnt. Útgáfa félagsins jókst mjög á þessu tímabili.











Saga Íslands



Í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974 ákvað Alþingi að ráðast í útgáfu heillegrar Íslandssögu við almennings hæfi frá upphafi byggðar til vorra daga. Þjóðhátíðarnefnd var falið að koma verkinu af stað, og ræddi hún nokkuð hvernig því yrði best hagað. Að lokum var ákveðið að fá einstaka söguritara til að semja tiltekna kafla undir einni ritstjórn. Síðan var samið við Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag um útgáfuna. Mestur hluti undirbúningsstarfsins lenti fljótlega á herðum ritstjórans, Sigurðar Líndal, forseta Bókmenntafélagsins, og er það mest að þakka dugnaði hans, starfsþreki og útsjónarsemi að nú sér fyrir enda á þessu verki. Pétur Hrafn Árnason hefur verið Sigurði til aðstoðar við ritstjórnina frá og með bindum IX og X. Löng hlé hafa stundum verið á milli útkomu einstakra binda vegna fjárskorts, en árið 1997 gerðu forsætisráðuneytið og Bókmenntafélagið með sér samning sem tryggði fjárhagslegan grundvöll söguritunarinnar. Þessi bindi eru komin út: *Saga Íslands* I (1974); II (1975); III (1978); IV (1989); V (1990); VI (2003); VII (2004); VIII (2006); IX (2008); X (2009). Lokabindið (XI) kemur út á afmælisári Bókmenntafélagsins.

Handritasafn Bókmenntafélagsins

Á fyrri hluta nítjándu aldar eignaðist Bókmenntafélagið ýmis handrit í tengslum við prentun þeirra á vegum félagsins. Þá voru nokkur handrit gefin félaginu. Árið 1827 voru handritin 19 talsins, en 1852 voru þau orðin 37. Formleg handritasöfnun hófst árið 1854 þegar Jón Sigurðsson gekkst fyrir því að boðsbréf var sent út þar sem kom fram að félagið safnaði hvers kyns handritum, gömlum og nýjum, og var þar tiltekið efni á borð við annála, ættartölubækur, kvæði, rímur, bréf, dómabækur, máldaga og fleira. Boðsbréfið bar töluverðan árangur, en árið 1869 voru handrit félagsins orðin 771 talsins, og 1885 voru þau orðin um 1.600. Þegar nær dró aldamótunum 1900 vaknaði umræða um hvort betur færi að handritasafnið væri varðveitt á Landsbókasafni, einkum með tilliti til öryggissjónarmiða. Árið 1895 var samþykkt að selja handritin Landsbókasafni, og var gengið frá kaupunum árið 1901. Þar eru handritin nú varðveitt sem sérsöfn, handritasafn Kaupmannahafnardeildar ber safnmarkið ÍB, en Reykjavíkurdeildar ÍBR. Voru þau skráð í *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* sem Páll Eggert Ólason tók saman á árunum 1918–1937, og eru mörg þeirra nú aðgengileg á vefnum handrit.is. Í handritasafninu eru fjölmörg verðmæt handrit varðandi sögu, bókmenntir og náttúru Íslands á síðustu öldum. Í áranna rás hafa margir fræðimenn leitað í þau og hafa þau verið nýtt við rannsóknir og útgáfur.






ÍB 70 4to. Kvæðabók Ólafs Jónssonar á Söndum.



ÍBR 69 4to.



ÍB 6 8vo. Dagbók Jónasar Hallgrímssonar úr Íslandsferð 1839.

Jón Borgfirðingur

Jón Borgfirðingur gaf Bókmenntafélaginu um 300 handrit og var fyrir vikið gerður að heiðursfélaga þess. Hann fór víða um land í bóksöluferðir og eignaðist þar oft bæði handrit og gamlar bækur. Jón var mikill áhugamaður um íslenska bóksögu og tók saman ágrip af íslenskri prentsögu sem kom út árið 1867 og svo stutt rithöfundatal sem Bókmenntafélagið gaf út árið 1884.

Sameining deilda

Hið íslenska bókmenntafélag starfaði í tveimur deildum frá stofnun þess 1816 fram til 1911, Reykjavíkurdeild og Hafnardeild. Á þessum tíma voru gerðar tvær tilraunir til að sameina deildirnar, svonefnd „heimflutningsbaráttа“. Fyrri tilraunin var gerð á árunum 1883–1889 þar sem lögð var fram tillaga um afnám Hafnardeildar. Sú tillaga náði ekki fram að ganga, en í kjölfarið varð starfsvið Reykjavíkurdeildar umfangsmeira en áður og skipting fjármuna jafnari milli deilda. Síðari heimflutningsbaráttan hófst árið 1906, og henni lauk 1911 með samþykkt nýrra laga félagsins þar sem það var gert að einni heild með aðsetri í Reykjavík.

Hið íslenska fræðafélag

Hafnardeild Hins íslenska bókmenntafélags hafði lengst af verið mun öflugri en Reykjavíkurdeildin, enda hafði miðstöð íslenskrar fræðastarfsemi verið þar ytra. Þetta varð til þess að sú hugmynd kviknaði meðal Hafnar-Íslendinga að stofna sjálfstætt íslenskt bókmenntafélag í Kaupmannahöfn til þess að gefa út rit sem sérstaklega voru ætluð Íslendingum. Slíkt félag var síðan stofnað 1912 undir nafninu Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, oft einungis nefnt Fræðafélagið. Bogi Th. Melsteð átti hugmyndina að stofnun félagsins, og var hann kjörinn fyrsti forseti þess. Fræðafélagið hóf strax öfluga starfsemi sem var nokkuð samfelld fram yfir 1960, en þá varð hlé á. Félagið hefur þó gefið út bækur eða styrkt útgáfu rita fram til þessa dags.



Bogi Th. Melsteð

Lærdómsrit

Frá árinu 1970 hefur komið út bókaflokkurinn *Lærdómsrit Bókmenntafélagsins*. Í flokknum eru sígild fræðirit, „tímamótaverk í sögu mannlegrar hugsunar“ og fræðileg rit frá síðari tímum sem þykja framúrskarandi góð og „hlotið hafa skýlaust lof“. Þótt ætlunin með ritröðinni hafi ekki verið að gefa út fagurbókmenntir hefur eigi að síður myndast hefð fyrir því að gefa út þýðingar á ýmsum bókmenntum fornaldar sem lærdómsrit. Langflest ritin eru þýðingar úr erlendum málum, en fáein íslensk rit hafa verið gefin út. Ritin eru nú orðin 90 og koma nokkur rit út árlega. Ítarlegur inngangur er að hverju riti og skýringar aftanmáls. Stofnendur ritraðarinnar voru Sigurður Líndal, þá forseti félagsins, og Þorsteinn Gylfason sem ritstýrði henni til ársins 1992. Núverandi ritstjóri er Eyja Margrét Brynjarsdóttir.




Þorsteinn Gylfason

Hafsteinn Guðmundsson

Það var Hafsteinn Guðmundsson bókagerðarmaður sem hannaði hið sígilda útlit og brot Lærdómsritanna. Bækurnar eru í samstæðu litlu broti með sama látlausa frágangi á kápu og titilsíðum og sömu leturgerð. Litirnir á kápunum láta lítið yfir sér, en lifna við þegar bækurnar koma margar saman. Þegar prentsmiðjan Oddi, sem hefur prentað flest *Lærdómsritin* hin síðari ár, ákvað árið 2004 að veita viðurkenningu og verðlaun fyrir bestu bókakápur ársins þótti við hæfi að hampa sérstaklega þessu verki Hafsteins og Hins íslenska bókmenntafélags.





Lýsing Íslands

Á fundi Hafnardeildar í ágúst 1838 bar Jónas Hallgrímsson fram tillögu þess efnis að gefin yrði út Íslandslýsing sem byggði á skýrslum presta og sýslumanna um stað- og þjóðhætti í hverri sveit. Tillagan var samþykkt, og í kjölfarið voru spurningalistar sendir til presta og sýslumanna víða um land. Jónas vann að Íslandslýsingunni í nokkur ár og gekkst jafnframt fyrir því að safnað var veðurfarsupplýsingum frá ýmsum stöðum um land allt. Í því skyni var boðsbréf ásamt sýnishorni veðurbóka sent til presta og nokkurra annarra aðila, en Danska vísindafélagið studdi framtakið með því að útvega 45 hitamæla sem áhugasamir gátu fengið til veðurathugana. Við andlát Jónasar árið 1845 var allur kraftur úr verkefninu, og Íslandslýsingin kom aldrei út. Félaginu barst hins vegar fjöldi veðurbóka og sýslu- og sóknalýsinga sem allt er varðveitt í handritasafni Landsbókasafns Íslands. Fræðimenn og útgefendur hafa leitað í þessi gögn æ síðan, og hafa sýslu- og sóknalýsingarnar nú allar verið gefnar út.



Jónas Hallgrímsson

Jónas Hallgrímsson

„Það er harla áríðandi hvörri þjóð, að þekkja til hlítar land það sem hún býr í, og ástand sjálfrar sín í öllu tilliti; en það getur hún því að eins, að rétt og greinileg lýsing á landinu og þjóðinni hafi verið samin og sett á bækur, er síðan komi í almennings hendur. Vér Íslendingar höfum ekki hingað til eignast neitt þesskonar rit um land vort og sjálfa oss, því það sem ritað hefir verið í þessari grein, er víða á dreif í bókum og bréfasöfnum, og mundi ekki heldur hrökkva mikið til nákvæmrar lýsingar á landinu og þjóðinni, þótt það væri allt komið á einn stað.

... Af þessu yfirliti sjáið þér félag vort ætlast til að bók þessi verði býsna yfirgripsmikil. Það er nú að miklu leiti komið undir góðvild yðar og annarra, sem vér höfum orðið að mæða með fyrirspurnum vorum, hvört hún getur á sínum tíma orðið svo af hendi leyst, að hún verði félagi voru og fósturjörðu til gagns og sóma, og öllum, innlendum sem útlendum Íslands vinum til nytsamlegs fróðleiks og skemtunar.“

Boðsbréf 30. apríl 1839.



Túlkun dansks teiknara á norðlenskri sveit á korti frá 1821.


Mæling Íslands

Á tímabilinu 1776–1818 voru strendur Íslands mældar og gerðir af þeim uppdrættir sem voru síðar prentaðir. Þó að strandmælingarnar væru merkur áfangi var enn langt í land að komið væri viðunandi kort af landinu í heild, byggðum þess og óbyggðum. Björn Gunnlaugsson, kennari á Bessastöðum, reyndi að hvetja stiftsyfirvöld til dáða í þessum málum. Þegar óskum Björns var ekki sinnt ákvað Bókmenntafélagið að skerast í leikinn og samþykkti að verja nokkru af árstekjum sínum til að styrkja Björn til mælinga á landinu öllu. Þótt stjórnvöld hefðu hér ekki frumkvæði, þá styrktu þau Bókmenntafélagið fjárhagslega til þessa verks. Björn hófst þegar handa og vann að verkinu á árunum 1831–1843 að sumrinu 1836 undanskildu. Hann mun hafa ferðast rúma 700 daga í mælingaleiðöngrum sínum. Afrakstur af vinnu Björns var kort af Íslandi sem Bókmenntafélagið gaf út á fjórum blöðum 1844–1848, en árið 1849 kom út minni gerð þess á einu blaði. Útgáfa kortanna var mjög dýr, kostnaðurinn mun hafa numið tífaldri þeirri fjárhæð sem Bókmenntafélagið greiddi Birni Gunnlaugssyni í beinan ferðakostnað á tólf árum. Mæling og kortagerð Björns Gunnlaugssonar var mikið vísindalegt afrek. Í fyrsta skipti var fenginn sæmilegur uppdráttur af landinu. Það kom síðar í hlut Þorvalds Thoroddsen að fylla í þær eyður sem Björn náði ekki að ljúka.

Skírsla Herra Aðjúncts B. Gunnlaugssonar, um aðgjörðir hans við Íslands mælíng o. s. frv. 1843, dagsett Sviðholti þann 10 Febr. 1844.

„Nú er eg þá loksins búinn að yfirfara allt landið, eins og kostur er á, þó sumstaðar sé ekki svo vel skoðað sem skyldi; en það mundi kosta óþólandi tímaleingd og peningaútlát fyrir félagið, að láta skoða hvort einasta fjall, þar hvar þau standa mjög þétt saman, álíkt og hús í stórum og þétt byggðum borgum. Þessu er einkum þannig varið á Hornströndum og Austfjörðum, og varð eg því að mála þau líkt og stendur í Strandmælíngarkortunum.“


Skírnir 18. árg. 1844.



Björn Gunnlaugsson. Teikning eftir Sigurð Guðmundsson málara.

Skírnir

Hlutverk hins nýstofnaða bókmenntafélags var að auka og efla þekkingu Íslendinga með því að uppfræða þjóðina. Í því skyni hóf félagið árið 1816 útgáfu ársrits sem upplýsti landsmenn um helstu viðburði innanlands og utan. Nefndist það *Íslensk sagnablöð* og kom út á hverju ári þar til 1826, en þá tók við tímarit er hlaut nafnið *Skírnir* og hafði sama tilgang og *Sagnablöðin*. *Skírnir* var gefinn út árlega frá 1827 í Kaupmannahöfn og síðan 1890 í Reykjavík. Árið 1904 var hann sameinaður *Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags* sem komið hafði út frá 1880 og heitir eftir það *Skírnir – Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. Tímaritið hafði frá upphafi verið mjög fjölbreytt að efni, og höfðu flestar fræðigreinar fengið þar inni. *Skírnir* var framan af fréttamiðill öðru fremur, en fékk eftir sameininguna hlutverk menningartímarits sem hefur sinnt öllum sviðum íslenskra fræða. *Skírnir* er tvímælalaust eitt þekktasta og virtasta tímarit Íslendinga og fá rit sem oftar er vitnað til í fræðilegri umræðu. *Skírnir* er elsta tímarit á íslensku sem enn kemur út og jafnframt það elsta á Norðurlöndum.


SKÍRNIR,

NÝ TÍÐINDI

HINS ÍSLENZKA

BÓKMENTAFÉLAGS.

FYRSTI ÁRGÁNGR,

er nær til sumarmála 1827.

KAUPMANNAHÖFN, 1827.

Efni frá konum


Bríet Bjarnhéðinsdóttir

81. árgangur *Skírnis* (1907) var sögulegur fyrir þær sakir að þar birtist í fyrsta sinn efni frá konum á síðum tímaritsins, ef frá er talið erfiljóð Þórunnar Jónsdóttur um Brynjólf Eiríksson og Sigurð Brynjólfsson sem birtist í *Skírni* 1835. Í árganginum 1907 voru greinar eftir Björgu C. Þorláksson, Þóru Friðriksson og Bríeti Bjarnhéðinsdóttur. Björg skrifaði um réttindi óskilgetinna barna, Bríet um sögu kvenréttindahreyfingarinnar og Þóra um hollenska listmálarann Rembrandt. Fleiri greinar eftir þær birtust í *Skírni* á næstu árum.

Skírnir

Tímarit HÍB



Ritstjórar Skírnis

Finnur Magnússon, 1827
Þórður Jónassen, 1828–1829
Baldvin Einarsson, 1830
Þórður Jónassen, 1831–1835
Konráð Gíslason og Jónas Hallgrímsson, 1836
Jón Sigurðsson og Magnús Hákonarson, 1837
Magnús Hákonarson, 1838
Brynjólfur Pétursson, 1839–1841
Jón Pétursson, 1842
Brynjólfur Pétursson, 1843
Gunnlaugur Þórðarson, 1844–1845
Grímur Thomsen, 1846
Gunnlaugur Þórðarson, 1847
Gísli Magnússon og Halldór Friðriksson, 1848
Gunnlaugur Þórðarson, 1849–1851
Jón Guðmundsson, 1852
Arnljótur Ólafsson og Sveinn Skúlason, 1853
Sveinn Skúlason, 1854
Arnljótur Ólafsson, 1855–1860
Guðbrandur Vigfússon, 1861–1862
Eiríkur Jónsson, 1863–1872
Björn Jónsson, 1873–1874
Eiríkur Jónsson, 1875
Guðmundur Þorláksson, 1876
Eiríkur Jónsson, 1877–1887
Jón Stefánsson, 1888–1891
Jón Stefánsson og Einar H. Kvaran, 1892
Ólafur Davíðsson og Einar H. Kvaran, 1893
Einar H. Kvaran, 1894–1895
Jón Ólafsson, 1896–1902
Þorsteinn Gíslason, 1903
(*Skírnir* kom ekki út árið 1904
en það ár var hann sameinaður *Tímariti Hins íslenzka bókmenntafélags*)
Guðmundur Finnbogason, 1904–1907
Einar H. Kvaran, 1908–1909
Björn Bjarnason, 1910–1912
Guðmundur Finnbogason, 1913–1920
Árni Pálsson, 1921–1929
Einar Arnórsson, 1930
Árni Pálsson, 1931–1932
Guðmundur Finnbogason, 1933–1943
Einar Ól. Sveinsson, 1944–1953
Halldór Halldórsson, 1954–1967
Ólafur Jónsson, 1968–1983
Kristján Karlsson og Sigurður Líndal, 1984–1986
Vilhjálmur Árnason, 1987–1988
Vilhjálmur Árnason og Ástráður Eysteinsson, 1989–1994
Jón Karl Helgason og Róbert H. Haraldsson, 1995–1999
Svavar Hrafn Svavarsson og Sveinn Yngvi Egilsson, 2000–2005
Halldór Guðmundsson, 2006–2012
Páll Valsson, 2012–



Finnur Magnússon




Þórður Jónassen

Ritnefndarmenn Tímarits Hins íslenska bókmenntafélags

Benedikt Gröndal, 1879
Grímur Thomsen, 1879
Jón Árnason, 1879
Páll Melsteð, 1882
Steingrímur Thorsteinsson, 1882–1883, 1885–1894, 1896–1902
Jón Ólafsson, 1882–1884, 1887, 1899–1903
Eiríkur Briem, 1882–1886, 1888, 1890–1891
Björn Jónsson, 1883–1884, 1894
Björn Jensson, 1884–1886, 1889, 1902
Björn M. Ólsen, 1885–1893
Þórhallur Bjarnarson, 1887–1889, 1892–1893, 1895–1896
Kristján Jónsson, 1890–1892, 1894–1902
Pálmi Pálsson, 1893–1894
Hannes Hafstein, 1895
Einar H. Kvaran, 1895–1901
Jóhannes Sigfússon, 1897
Hannes Þorsteinsson, 1898
Guðmundur Björnsson, 1903
Guðmundur Finnbogason, 1903
Helgi Pjeturss, 1903



Benedikt Gröndal



Grímur Thomsen

Ritstjórar Lærdómsrita Bókmenntafélagsins

Þorsteinn Gylfason, 1970–1992
Þorsteinn Hilmarsson, 1986–1997
Vilhjálmur Árnason, 1997–2003
Ólafur Páll Jónsson, 2002–2012
Björn Þorsteinsson, 2006–2015
Eyja Margrét Brynjarsdóttir, 2014–

Ritstjórar einstakra Lærdómsrita

Gottskálk Þór Jensson, 2007
Haraldur Hreinsson og Stefán Einar Stefánsson, 2015

Forsetar Hins íslenska bókmenntafélags



Bjarni Þorsteinsson

Kaupmannahafnardeild

Rasmus Christian Rask, 1816
Bjarni Þorsteinsson, 1816–1819
Finnur Magnússon, 1819–1820
Bjarni Þorsteinsson, 1820–1821
Finnur Magnússon, 1821–1827
Rasmus Christian Rask, 1827–1831
Þorgeir Guðmundsson, 1831–1839
Finnur Magnússon, 1839–1847
Brynjólfur Pétursson, 1848–1851
Jón Sigurðsson, 1851–1879
Sigurður L. Jónasson, 1880–1885
Ólafur Halldórsson, 1885–1904
Valtýr Guðmundsson, 1904–1905
Þorvaldur Thoroddsen, 1905–1911

Reykjavíkurdeild

Árni Helgason, 1816–1848
Pétur Pétursson, 1848–1868
Jón Þorkelsson, 1868–1877
Magnús Stephensen, 1877–1884
Jón Þorkelsson, 1884
Björn Jónsson, 1884–1894
Björn M. Ólsen, 1894–1900
Eiríkur Briem, 1900–1904
Kristján Jónsson, 1904–1909
Björn M. Ólsen, 1909–1912



Árni Helgason

Eftir sameiningu deilda

Björn M. Ólsen, 1912–1918
Jón Þorkelsson, 1918–1924
Guðmundur Finnbogason, 1924–1943
Matthías Þórðarson, 1943–1961
Einar Ól. Sveinsson, 1961–1967
Sigurður Líndal, 1967–2015
Jón Sigurðsson, 2015–



Björn M. Ólsen

Bókaverðir Hins íslenska bókmenntafélags


Kaupmannahöfn

Þórður Sveinbjarnarson, 1819–1820
Þorgeir Guðmundsson, 1820–1824
Sæmundur Brynjúlfsson, 1824–1826
Þorsteinn Helgason, 1826–1827
Eggert Jónsson, 1827–1831
Hallgrímur Bachmann, 1831–1834
Stefán Eiríksson, 1834–1836
Magnús Hákonarson, 1836–1838
Eggert O. Briem, 1838–1842
Magnús Eiríksson, 1842
Jón Sigurðsson, 1842–1843
Gísli Magnússon, 1843–1845
Helgi Sigurðsson, 1845–1846
Halldór Kr. Friðriksson, 1846–1848
Vilhjálmur Finsen, 1848–1852
Árni Thorsteinsson, 1852–1853
Sveinn Skúlason, 1853–1856
Gísli Brynjúlfsson, 1856–1857
Sigurður L. Jónasson, (1857) 1866–1878
Sigurður Sigurðsson, 1878–1880
Guðmundur Þorláksson, 1880–1881
Halldór Daníelsson, 1881–1884
Ólafur Halldórsson, 1884–1885
Finnur Jónsson, 1885–1886
Stefán Stefánsson, 1886–1888



Þorgeir Guðmundsson

Finnur Jónsson, 1888–1890
Gísli Brynjólfsson, 1890–1892
Jóhannes Jóhannesson, 1892–1894
Sigurður Pjetursson, 1894–1895
Nikulás Runólfsson, 1895–1899
Jón Hermannsson, 1899–1904
Halldór Hermannsson, 1904–1905
Matthías Þórðarson, 1905–1907
Pétur Bogason, 1907–1911



Jón Árnason

Reykjavík

Jón Árnason, 1848–1854
Egill Jónsson, 1854–1859
Einar Þórðarson, (1859) 1866–1867
Jónas Guðmundsson, 1867–1870
Halldór Guðmundsson, 1870–1877
Jón Borgfirðingur, 1877–1882
Kristján Ó. Þorgrímsson, 1882–1887
Morten Hansen, 1887–1909
Sigurður Kristjánsson, 1909–1912
Matthías Þórðarson, 1912–1961
Jón Aðalsteinn Jónsson, 1961–1969
Sverrir Kristinsson, 1970–

Rekstrarstjórar

Gunnar H. Ingimundarson, 1986–2014
Ólöf Dagný Óskarsdóttir, 2014–

Á nýrri öld

Margvísleg verkefni sem Bókmenntafélagið sinnti hafa smám saman færst yfir til ýmissa ríkisstofnana og háskólastofnana, og útgáfustarfsemi í landinu á vegum hins opinbera og einkaaðila hefur stóraukist. Þetta hefur eðlilega valdið því að Bókmenntafélagið skipar ekki lengur þann sess sem það hafði á nítjándu öld og á fyrstu áratugum hinnar tuttugustu, en það gegnir enn mikilvægu hlutverki í samræmi við tilgang sinn eins og honum er lýst í lögum þess. En í lögunum segir að hann sé „að styðja og styrkja íslenska tungu og bókvísi og menntun og heiður hinnar íslensku þjóðar, bæði með bókum og öðru eftir því sem efni þess fremst leyfa.“ Þetta hefur verið tilgangur félagsins í þær tvær aldir sem það hefur starfað. Markmið almennrar útgáfustarfsemi félagsins er að koma á framfæri vönduðum ritum á sviði atvinnu- og menningarsögu, fornum sem nýjum, sem varpað geti ljósi á samhengi íslenskrar menningar, jafnt verkmenningar sem bókmenningar, auk þess sem horft er til framtíðar. Framundan bíða mörg verk til útgáfu. Hvað kemst í framkvæmd af verkefnum sem bíða ræðst vitaskuld af fjárhag félagsins sem hefur verið afar þröngur mörg undanfarin ár, ekki síst vegna þess að stuðningur við félagið á fjárlögum dróst mjög saman á síðustu árum. Á afmælisárinu 2016 hefur þó ræst nokkuð úr bæði með auknu ríkisframlagi og ekki síst stuðningi öflugra fyrirtækja sem gerst hafa bakhjarlar félagsins um sinn í tilefni af 200 ára afmælinu. Hin gamla menningarstofnun sem starfað hefur samfleytt í 200 ár lætur því engan bilbug á sér finna. Bókmenntafélagið þarf fleiri félaga og stuðningsmenn og aukinn stuðning bæði frá hinu opinbera og frá einkaaðilum svo að það geti haldið áfram af fullum krafti inn á þriðju starfsöldina.

